

Sp.

592. Nefndarálit

[97. mál]

um till. til þál. um fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og um athugun framleiðslumöguleika í sambandi við virkjunina.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég er efnislega samþykkur tillögu þessari, sem að efni til er áskorun á ríkisstjórnina um, að fullnaðaráætlanir verði gerðar um virkjun og hagnýtingu raforku frá Jökulsá á Fjöllum. En ég tel, að rétt sé, að Alþingi ákveði, að raforkumálastjórnin eigi að vera aðili að áætlunargerðinni.

Þá tel ég rétt, að sams konar áætlun fari einnig fram varðandi virkjun Þjórsár.

Um þetta tvennt hef ég gert breytingartillögur ásamt Einari Olgeirssyni, og legg ég til, að tillagan verði samþykkt eins og hún er orðuð í þeim breytingartillögum.

Alþingi, 1. júní 1960.

Karl Guðjónsson.